

Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið 3 — þrjá — mánuði frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 41/1946. **Matthildur Halldórsdóttir og Kjartan Jakobsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Hermann Jónasson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Gerir aðaláfrýjandi Matthildur Halldórsdóttir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni 100000.00 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 11. desember 1944 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Aðaláfrýjandi Kjartan Jakobsson krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50000 krónur eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar að mati hæstaréttar. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Hið glæpsamlega athæfi, sem aðaláfrýjendur urðu fyrir án nokkurs tilefnis af þeirra hálfu, var með ódæmum svivirðilegt og hlýtur að valda þeim stórfelldu sálarlegu meini og raska mjög högum þeirra til langframa. Samkvæmt þessu og með skirskotun til 264. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 þykja bætur til aðaláfrýjanda Matthildar Halldórsdóttur hæfilega metnar 60000 krónur og til aðaláfrýjanda Kjartans Jakobssonar 20000 krónur. Svo ber gagnáfrýjanda að greiða 5% ársvexti af báðum þessum upphæðum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum samtals 10000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda Matthildi Halldórsdóttur 60000 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Kjartani Jakobsyni 20000 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum samtals 10000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hafa þau hjónin Mattildur Halldórsdóttir og Kjartan Jakobsson, Hafnarstræti 20 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gert þær dómkröfur, aðallega að stefnanda Matthildi verði dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 100000.00, en stefnanda Kjartani skaðabætur, að fjárhæð kr. 50000.00, en til vara, að þeim hjónum verði dæmdar skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 100000.00, og til þrautavara, að fjárhæð bótanna verði ákveðin að mati dómarans. Þá krefjast þau

5% ársvaxta af hinni dæmdu fjárhæð frá 31. ágúst 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til mjög verulegra muna. Vextir aðeins dæmdir frá stefnudegi og málskostnaður verði látinn falla niður. Málavextir eru þessir:

Að kveldi hins 31. ágúst árið 1941, er stefnendur voru á heimleið úr berjaferð, urðu þau fyrir árás fjögurra karlmanna í hrauninu nálægt bænum Hólmi í Seltjarnarneshreppi.

Menn þessir, er síðar reyndust vera hermenn úr liði Bandaríkja Norður-Ameríku, eða nánar tiltekið svonefndu United States Marine Corps, mættu hjónunum þarna í hrauninu, og ávörpuðu þeir manninn. Hann, sem ekki skildi ensku, hélt, að þeir væru að spyrja, hvað klukkan væri, og sýndi þeim því úr sitt. Síðan héldu hjónin áfram, en hermennirnir eltu þau spölkorn. Skyndilega réðust tveir þeirra á manninn, börðu hann í höfuðið og vörpuðu honum til jarðar. Lögðust þeir síðan ofan á hann og héldu honum föstum. Samtímis réðust hinar tveir að konunni, og greip annar þeirra hendi fyrir munn henni, síðan vörpuðu þeir henni til jarðar, og hélt annar henni niðri, meðan hinn hafði fullkomið samræði við hana með valdi. Skiptust þeir síðan á að halda hjónunum niðri, og höfðu hinir þrír einnig með valdi samræði við konuna. Þá slepptu þeir hjónunum og héldu brott, en þau flýttu sér að sumarbústað einum, er þar var spölkorn í burtu, og flutti eigandi hans þau hjónin til sakadómarans í Reykjavík, en þar var tekin skýrsla af þeim. Að beiðni sakadómarans í Reykjavík rannsakaði héraðslæknirinn í Reykjavík þau hjón sama kvöld. Segir svo í vottorði héraðslæknisins:

„Rannsókn leiddi þetta í ljós:

Maðurinn, Kjartan Jakobsson, var mikið blóðugur í andliti og blóðstorka í báðum nösum, enda nefbroddurinn dálítið þrútin. Engar skeinur fundust á andlitinu, og hefur því blóðið stafað frá því, að honum hafa blætt nasir eftir áverka. Hakan var einnig nokkuð þrútin og aum. Aftan á hnakka neðan til og ofan til á hálsi, einkum vinstra megin, var rauðleitur þroti og töluverð eymsli eins og eftir högg. Á hér um bil miðjum hvirfli vinstra megin var aum kúla á stærð við stóran sveskjastein, auðsjáanlega eftir högg. Hálsvöðvar vinstra megin voru og dálítið þrútnir og aumir.

Aðra áverka fann ég ekki á honum, enda kvaðst hann hvergi annars staðar finna til.

Þess skal og getið, að hann kvaðst hafa nokkurn höfuðverk og sér hefði sortnað fyrir augum, fyrst eftir að hann varð fyrir höfuðhöggnum, og tel ég það sennilegt.

Konan, Matthildur Halldórsdóttir, hafði dálitla hruflu á vinstri kinn, og efri vörin var einnig dálítið marín vinstra megin, eink-

um að innanverðu. Aðrir áverkar fundust ekki á henni, enda kvaðst hún hvergi meidd annars staðar.

Næsta dag fóru svo herlögreglumenn með þau hjónin í svo-nefndan Baldurhaga Camp, og voru hermenn þar látnir ganga fyrir þau, en þau kváðust þá þar þekkja aftur þrjá af árásarmönnum. Varð þetta til þess, að allir hinir seku náðust og voru dæmdir af herrétti. Hlutu tveir þeirra 20 ára fangelsisvist, einn 15 ára fangelsisvist, en einn 10 ára fangelsisvist. Enn fremur voru þeir allir sviptir hermennasæmd og reknir úr herdeildinni.

Telja stefnendur, að samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943, sbr. og lög nr. 65 frá 1944, beri stefndi ábyrgð á tjóni því, er þau hafi orðið fyrir við atburð þenna, og hafa þau því gert framangreindar kröfur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bótaskylda vegna verknaðar þessa falli utan ákvæða nefndra laga, þar eð menn þessir hafi verið bandarískir sjóliðar í landgönguleyfi, og geti þeir því ekki talizt til herliðs Bandaríkjanna hér á landi, þ. e. þeirra manna, sem séu hingað komnir til þess að taka þátt í vörnum landsins.

Það er upp komið, að hermenn þeir, er frömdu fyrrgreindan verknað, höfðu aðsetur í herbúðum hér á landi og voru í herliði Bandaríkja Norður-Ameríku. Verður því að telja, að skilyrðum ákvæða 1. gr. fyrrgreindra laga sé fullnægt að þessu leyti. Sýknukrafa stefnda verður því ekki á þessu byggð.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að skýra beri ákvæði 1. gr. nefndra laga með hliðsjón af 5. gr. sáttmála þess, er gerður var milli ríkisstjórnar Íslands og forseta Bandaríkjanna. Þar sé tekið fram, að Bandaríkin lofi að bæta hvert það tjón, er Íslendingar verði fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra. Verði því að skýra ákvæði 1. gr. laga nr. 99 frá 1943 þannig, að ríkissjóði sé því aðeins skylt að bæta tjón, að það hljótist af völdum hernaðaraðgerða Bandaríkjanna hér á landi. Menn þessir hafa hins vegar, er þeir frömdu verknaðinn, verið utan starfssviðs síns og ekki verið að vinna að hernaðarstörfum, og verði bótaskylda stefnda, því ekki byggð á lögum þessum.

1. gr. laga nr. 99 frá 1943 hljóðar svo:

„Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenskum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að biða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.“

Af niðurlagi greinarinnar svo og fyrirsögn laganna, þar sem talað er um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, verður ekki ráðið, að sá hafi verið tilgangur löggjafans að takmarka þessi ákvæði á þann hátt, er stefndi heldur fram.

Verður því að telja, að stefndi beri bótaábyrgð samkvæmt lög-

um þessum gagnvart stefnendum á tjóni því, er hlotizt hefur af árásinni.

Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Þá koma til athugunar kröfur stefnenda. Stefnandi Matthildur Halldórsdóttir sundurliðaði tjón það, er hún taldi sig hafa beðið við atburð þenna, þegar hún gerði kröfu sína til amerisku herstjórnarinnar, á eftirfarandi hátt:

1. Atvinnutjón og röskun á högum í 20 ár, kr. 300.00	
pr. mánuð	kr. 72000.00
2. Bætur fyrir andlegar og líkamlegar þjáningar, óþægindi, sálarkvalir og niðurlægingu	kr. 50000.00
3. Fataskemmdir, læknishjálp og meðöl í nútíð og framtíð	— 2500.00
Samtals	kr. 124500.00

Sökum ákvæða laga nr. 65 frá 1944 um hámarksfjárhæð hvernar bótakröfu hefur hún hins vegar takmarkað kröfu sína við kr. 100000.00 og kveðst því leggja sundurliðun þessa fram til hliðsjónar ákvörðunar bótanna, þó þannig, að verði einhver einstakur liður færður niður, hækki hinir að sama skapi, þannig að heildarfjárhæð bótanna verði kr. 100000.00.

Um 1. — Matthildur vann fyrir árásina í niðursuðuverksmiðju S. Í. F. og hafði þar allt að 100 króna tekjum á viku. En síðan hún varð fyrir árásinni, hefur hún ekkert unnið utan heimilisins, þar eð hún kveðst ekki hafa sálarprek til þess að stunda vinnu innan um annað fólk. Hefur hún í þessu sambandi lagt fram vottorð þess efnis, að laun þeirra kvenna, er unnu sömu störf og hún í nefndri verksmiðju, hafi numið frá 1. september 1941 til 20. maí 1945 kr. 30418.63.

Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem allt of háum svo og sem fjarstæðum, þar sem ekkert örorkumat liggir fyrir, er sýni, að hún hafi ekki getað stundað vinnu sína fullkomlega eftir sem áður.

Það er upp komið í málinu, að verknaður þessi var fljótlega á almenningsvitorði, og hlýtur slík vitneskja að raska nokkuð högum konunnar. Auk þess má ætla, að atvik sem þetta hljóti að vekja minnimáttarkennd og draga úr sjálfsbjargarviðleitni. Þykir því verða að fallast á það með stefnanda, að hún eigi nokkrar bætur samkvæmt þessum lið, en að því er snertir fjárhæð þeirra, þykir rétt að ákveða bætur til stefnanda allar í einu lagi.

Um 2. — Stefnandi Matthildur segir, að árásin sjálf og verknaðurinn hafi haft djúptæk áhrif á taugakerfi sitt og sálarlíf. Hún sé ávallt hrædd og búist við árás á sig, svo og þjáist hún af svefnleysi, en til slíkra einkenna kveðst hún ekki hafa fundið áður. Þá hafi hún og dregið sig út úr öllu félagslífi og samneyti við fólk, þar eð

henni finnst það líta á sig sem sérstakt viðundur og hún jafnvel kenna hæðni hjá því.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem örökstuddum og of háum.

Stefnandi Matthildur leitaði til Bjarna Bjarnasonar lækni, og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er þann 16. marz 1942:

Frú Matthildur Halldórsdóttir, Njarðargötu 45, hefur leitað mín þráfaldlega síðan 31. ágúst 1941, að hún kvaðst hafa orðið fyrir árás af amerískum hermönnum. Hefur hún þjáðst mjög af svefnleysi, sem hefur ágerzt allt fram að þessum tíma. Stöðugur kviði og hræðsla við öll óvænt hljóð og ótti við, að á sig verði ráðizt.

Hafi þessi einkenni minnkað nokkuð síðustu vikur, en eru þó allmikið viðloðandi enn þá.

Þá hefur og verið lagt fram í málinu álit dr. Helga Tómassonar yfirlæknis um almennar afleiðingar af áfalli sem slíku, er stefnandi varð fyrir. Er vottorð hans dagsett 28. maí 1945, og segir þar m. a. svo:

„Mundi ég telja, að hjá flestum myndi slíkt áfall, er þetta fólk hefur orðið fyrir, aldrei gróa sem heilt, þó auðvitað sé erfitt að segja um, hvernig gangur dulverkana (complexa) verði á framtíðarhug fólks. En mér virðist, að hér hafi verið um slíkt andlegt svöðusár að ræða, að gersamlega sé hlægilegt að miða bætur eða bótakröfur við líkamlega áverka, fataskemmdir og þess háttar ómerki-leg aukaatriði.“

Með skirskotun til þessa svo og annars þess, er upp er komið í málinu, verður að telja, að stefnandi eigi kröfu til bóta fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi.

Um 3. — Stefnandi Matthildur kveður fót sín hafa skemmzt og óhreinkast við árásina. Þá hafi hún og, síðan árásin átti sér stað, þráfaldlega leitað lækni vegna hennar.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem of háum.

Það er upp komið í málinu, að fót stefnanda skemmdust nokkuð við árásina, og bera henni því bætur vegna þeirra skemmda. Hins vegar er því ómótmælt haldið fram, að stefnandi sé í sjúkrasamlagi, og hefur hún gegn mótmælum stefnda ekki fært fram nein gögn fyrir læknskostnaði eða að til slíks kostnaðar komi síðar.

Stefnandi Kjartan Jakobsson sundurliðar tjón það, er hann taldi sig hafa beðið við atburð þenna, þegar hann gerði kröfu sína til amerísku herstjórnarinnar, á eftirfarandi hátt:

1. Atvinnutjón og röskun á högum, kr. 150.00 pr. mánuð í 20 ár	kr. 36000.00
2. Bætur fyrir andlegar og líkamlegar þjáningar, óþægindi, sálarkvalir og niðurlægingu	— 20000.00
3. Fataskemmdir, læknishjálp og meðöl í nútíð og framtíð	— 1500.00
Samtals	kr. 57500.00

Hins vegar hefur hann einungis gert kröfu til 50000 króna bóta, en kveðst leggja sundurliðan þessa fram til hliðsjónar.

Um 1. — Stefnandi Kjartan kveðst hafa verið frá vinnu í einn mánuð vegna afleiðinga árásarinnar. Kveður hann sér vera kvalræði að því að vera í fjölmenni hér, þar sem atburður þessi sé kunnur. Sé því engan veginn séð fyrir endann á atvinnuörðugleikum sínum í framtíðinni vegna þessa.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum, þar eð ekki sé sýnt fram á neina örorku hans vegna árásarinnar, og hafi hann því ekki orðið fyrir öðru atvinnutjóni en í þenna eina mánuð. Hefur hann í því sambandi lagt fram gögn um að tekjur stefnanda árin 1939—1944 hafi verið þessar:

Árið 1939	 kr.	3500.00,	árið 1940	 kr.	3550.00,
— 1941	 —	8300.00,	— 1942	 —	14000.00,
— 1943	 —	17400.00,	og — 1944	 —	21200.00,

Gögn þessi hafa ekki sætt rökstuddum andmælum af hálfu stefnanda. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi því ekki tekizt að færa sönnur á meira atvinnutjón en stefndi hefur þegar viðurkennt.

Að því er snertir fjárhæð bóta samkvæmt lið þessum, þá þykir rétt að ákveða bætur til stefnanda allar í einu lagi.

Um 2. — Stefnandi Kjartan leitaði til Bjarna Bjarnasonar læknis, og segir svo í vottorði hans, er dagsett er 16. marz 1942:

„Hr. Kjartan Jakobsson, Njarðargötu 45, kom til mín í byrjun september 1941 og kvaðst hafa orðið fyrir árás af amerískum hermönnum 31. ágústmánaðar.

Hann kvartaði um svefnleysi, taugaóstyrk og kviða.

Var illa útlitandi, fögur, tekinn og lotlegur.

Ég varð að gefa honum svefnlyf og taugameðöl alllengi. En hann virðist nú hafa náð sér nokkurn veginn.“

Með skirskotun til þessa svo og þess, sem sagt er hér að framan um þetta efni, að því er konuna varðar, þykir stefnandi Kjartan eiga rétt til bóta fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi.

Um 3. — Stefnandi Kjartan kveður fót sín hafa skemmt og óhreinlegt við árásina. Þá hafi hann og síðan árásin átti sér stað, þráfaldlega leitað lækni vegna hennar.

Stefndi hefur og mótmælt lið þessum sem of háum.

Það er upp komið í málinu, að fót stefnanda skemmdust nokkuð við árásina, og ber honum því bætur vegna þeirra skemmda. Hins vegar er því ómótmælt haldið fram, að stefnandi sé í sjúkrasamlagi, og hefur hann gegn mótmælum stefnda ekki fært fram nein gögn fyrir læknskostnaði eða að til slíks kostnaðar komi síðar.

Með skirskotun til framanritaðs svo og annarra gagna í málinu þykja heildarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 30 000.00 til stefnanda Matthildar, en kr. 10 000.00 til stefnanda Kjartans. Ber

stefnda að greiða vexti af hinum dæmdu fjárhæðum, eins og krafizt er, en þó aðeins frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda Matthildi kr. 2000.00 í málskostnað, en stefnanda Kjartani kr. 800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Matthildi Halldórsdóttur kr. 30 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði stefnanda Kjartani Jakobssyni kr. 10 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 31/1946. **Kaupfélag Siglfirðinga**

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Siglufirði

(Hrl. Lárus Fjeldsted)

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vixilréttur glataður vegna vangeymslu.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga hinn 21. júní 1945